



## VERKFÆRI HUGSUNARINNAR

### lykilspurningar til að halda samræðu gangandi

#### Texti fenginn úr:

Jackson, Tom. [án árs]. *The Good Thinkers Tool Kit*. Hawaii: Philosophy in the Schools Project. Þýðing og viðbætur: Brynhildur Sigurðardóttir

#### Er spurningin skýr?

- Hver er spurningin?
- Hvert er vandamálið sem við er að glíma?
- Hver er merking lykilhugtaka?
- Hver er kjarni samræðunnar?
- Gefum við skýringar? Biðjum við um þær?
- Hvað áttu við með...? Ertu að segja að...? Hvaða merkingu leggur þú í þetta orð...? Þarf einhver að spyrja nánar út í...?

#### Notum við rök?

- Setjum við fram rök til að styðja fullyrðingar okkar?
- Hvað eru góð rök?
- Hvernig styðjum við skoðanir okkar?
- Af hverju trúum við þessu tiltekna atriði?

#### Hugum við að forsendum hugmynda?

- Greinum við forsendurnar sem spurningarnar okkar og fullyrðingar hvíla á?
- Finum við faldar forsendur?
- eru þessar forsendur í lagi eða ekki?
- Af hverju byggjum við á þessum forsendum?

#### Notum við dæmi?

- eru gefin dæmi til að styðja eða skýra skoðanir og fullyrðingar?
- Getum við skýrt þetta með dæmi?

#### Notum við gagndæmi?

- Getum við fundið gagndæmi?
- Ef einhver væri ósammála, hvaða dæmi gæti hann lagt fram máli sínu til stuðnings?

#### Skoðum við afleiðingar?

- Skoðum við afleiðingar af því sem haldið er fram?
- Hvað leiðir af því sem fullyrt er?
- eru flessar afleiðingar ásættanlegar?
- Hröpum við að ályktunum? Erum við of fljót á okkur til að draga ályktanir?

#### Segjum við satt?

- Er það sem sagt er satt? Hvernig getum við vitað það?
- Er þetta rökleg afleiðing af því sem áður var sagt?
- eru forsendur okkar fullnægjandi? eru þær góðar eða slæmar?
- Er í lagi með ályktanirnar sem dregnar voru til að komast að þessu?

#### Leiðréttum við okkur?

- Af hverju trúum við þessu tiltekna atriði?
- Hefur ... skipt um skoðun?
- Hefur hópurinn skipt um skoðun?
- Af hverju höfum við skipt um skoðun?
- Skiljum við betur núna en áður...

